

## Atvinnuveganefnd Alþingis

Lilja Rafney Magnúsdóttir formaður

Skagafirði 10. febrúar 2021

**Efni:** Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.). Þingskjal 625-418. mál.

Með þessu frumvarpi má segja að verið sé að kasta stríðshanska í mikinn hluta smábátaútgerðar í landinu. Gengur frumvarpið í berhögg við flestar samþykktir Landssambands smábátaeiganda, einkum hvað varðar strandveiðar og byggðakvóta.

### Strandveiðar

Í frumvarpinu er verið að þvinga sóknarmarkskerfi strandveiðanna inn í stóra aflamarkskerfið með því að festa í lög að heimilaður heildarafla til strandveiða skuli vera fast hlutfall af heildaraflamarki hvers árs. Með því yrði öllum fyrri yfirlýsingum og fyrirheitum Alþingis um að strandveiðar skuli leyfðar í 12 daga á mánuði fjóra mánuði á ári kastað fyrir róða. Þá yrði sjónarmiðum jafnræðis og öryggis við strandveiðarnar hent út í hafsauga.

Hér eru ekki gerðar athugasemdir við einstakar greinar strandveiðikaflans enda þarfnast hann heildaruppstokkunar. Eðlilegt er að halda í gildandi reglur um daglegan hámarksafla, fjölda rúlla um borð, tímalengd hvers róðurs, eignarhald útgerðar og reglur um veiðisvæðaskiptingu. Engin rök eru hins vegar fyrir setningu heildaraflamarks á strandveiðiafla enda ræðst sá afli fyrst og fremst af gæftum, fjölda báta, fiskigegnd og veiðanleika fiskjar.

### Byggðakvóti

Á nýlega afstöðnum aðalfundi Landssambands smábátaeigenda var samþykkt að beina því til stjórnvalda að byggðakvóti í núverandi mynd yrði lagður af. Mikil óánægja hefur komið fram með þetta kerfi bæði meðal sjómanna og sveitarfélaga og orð eins og mismunun og spilling oft komið upp í þeirri umræðu sem fram hefur farið. Orðrétt segir í samþykktum fundarins:

*Aðalfundur LS leggur til að heimildir til byggðakvóta verði notaðar við atvinnufiskveiðar og úthlutað til sveitarfélaga samkvæmt reglum sem mótaðar hafa verið. Rétt til nýtingar byggðakvóta hafa dagróðrabátar minni en 30 brt sem skráðir eru í viðkomandi byggðarlagi ásamt útgerð þeirra og eru gerðir þaðan út, enda hafi viðkomandi uppfyllt framangreint á næstliðnu fiskveiðiári. Byggðakvóti verði ívilnun á aflaheimildir við löndun með sama hætti og um línuívilnun. Auk þess verði allt að 10 tonn eyrnamerkt til útgerða þar sem eigandi hefur átt heimilisfesti í byggðarlaginu síðastliðin 3 ár.*

Á þessu stigi telur undirritaður nauðsynlegt að fram fari úttekt því hvort almennur byggðakvóti er að gagnast sveitarfélögum í þeim mæli sem upphaflega var stefnt að. Umræða um og því síður samþykkt þessa frumvarps er því engan veginn tímabær.

Virðingarfyllt

Magnús Jónsson

formaður Drangeyjar-smábátafélags Skagafjarðar